

Nd.

IS3. Nefndarálit

um frumvarp til laga um vörutoll.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta mjög vandlega.

Jafnvel þó tollur af allri innfluttri vöru sje í mörgum og mikilvægum at-
riðum afarósanngjarn og órjettlátur, þá verður á það að líta, að ríkissjóður þarfn-
ast mikilla tekna, til greiðslu lögboðinna gjalda, og verður því að hlíta fleiri að-
ferðum við tolla- og skatta-álagningar en þeim, sem sanngjarnastar eru og
eðlilegastar.

Það er einhuga álit nefndarinnar, að ekki muni í náinni framtíð hægt að
komast af án slíks innflutningsgjalds.

Skóðanir nefndarmanna eru skiftar um það, hvort vörutollur eða verð-
tollur sje heppilegri, þegar á alt er litið.

Enginn mun neita því, að verðtollur sje rjettlátari, sem skattgjaldsund-
irstaða, heldur en vörumagnstollur, jafnvel hversu nákvæmlega sem vörurnar eru
flokkaðar í vörutollslögum, og á þann hátt reynt að bæta úr misrjetti, með mis-
háu gjaldi á hinum einstöku vörutegundum.

Hins vegar ber að geta þess, að innheimtumenn telja meiri torveldleik á
innheimtu verðtolls en vörutolls, sem og það, að eftirlitið sje auðveldara með
vörutollsfyrirkomulaginu. Enn fremur það, að alþýða manna er orðin talsvert vön
vörutollinum.

Við endurskóðanir vörutollslaganna hefir ávalt komið í ljós, að afarerfitt
er að flokka vörurnar svo, að tollurinn verði nokkurnveginn sanngjarn, án þess
flokkinin verði óhæfilega margbrotin.

Nefndin hefir gert ýmsar flokkunarbreytingar, sem hún telur til bóta.
Þrátt fyrir stefnumun í tollaðferðinni hefir nefndin þó orðið sammála um að ráða háttvirtri deild til að samþykkja frumvarpið með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr., tölulið 1.
 - a. Á eftir »tjöru« bætist við:
blackfernis, asfalti.
 - b. Á eftir »leir« bætist við:
eldföstum leir.
2. — 1. gr., tölulið 2.
 - a. »heyi« falli burt.
 - b. Á eftir »tómum tunnnum« bætist við:
og tunnahlutum.
 - c. Í stað »gaddavír« komi:
girðingavír.
 - d. Á eftir »smíðajárni« bætist við:
járngirði.
 - e. Á eftir »stáli« bætist við:
blýi, tini.
 - f. Á eftir »spöðum« bætist við:
og öðrum jarðyrkjuáhöldum.
 - g. Í stað »bátavjelum (mótorum)« komi:
bifvjelum (mótorum), heilum og í hlutum.
 - h. Á eftir »köðlum« bætist við:
virköðlum, virtrossum.
 - i. Á eftir »færum« bætist við:
vjelaáburði.
 - j. Á eftir »bensini« bætist við:
segldúk, striga, tvistúrgangi.
 - k. »ofnum« falli burt, en á eftir »eldavjelum« bætist við:
hitunartækjum.
 - l. Á eftir »gólfbræðingi (Linotol)« bætist við:
Kokosfeiti (cocosrutoil), baðmullarfræsoliu (cottonseedoil), jarðhnetu-
olíu (groundnutoil), feitarsýrum (fatacit) til sápugetar.
3. Við 1. gr., tölulið 3.

Á eftir orðunum »öðru en« falli orðið »allskonar« burt.
4. Við 1. gr., tölulið 5.

Liðurinn orðist svo:

Af allskonar trjávið, hurðum, gluggum, þakspæni, trjespæni (Kryds-
fine), og húsalistum 9 auru af hverju teningsfeti.
5. Við 1. gr., tölulið 6.
 - a. Á eftir orðunum »úr hvaða efni sem þeir eru«, bætist við:
plettvarningi.

- b. Í stað »3 kr.« komi:
10 kr.
6. Við 1. gr., næstsíðustu málsgrein.
a. Á eftir »tígulsteinar« komi:
eldfastir steinar, baðlyf.
b. Á eftir orðunum »um að hún sje íslensk vara« komi:
svo og munir, er opinberar stofnanir og stjórnarvöld senda til ann-
ara landa til aðgerðar.
7. Við 2. gr.
Fyrsta málsgrein orðist svo:
Greiða skal og í ríkissjóð gjald af pósthöggjum, er til landsins flytjast,
1 kr. fyrir hvert heilt kg. Lágmarksgjald sje þó 1 kr.
8. Við 4. gr.
Orðið »upp«, í öðrum málslið, falli burt.
9. Við 5. gr.
Á eftir »lögreglustjóra« bætist við:
eða umboðsmanni hans.
10. Við 8. gr.
a. Orðið »tunnustöfum« í 1. málsg. falli burt.
b. Fyrir »landssjóði« í 2. málsg. komi:
ríkissjóði.
11. Við 10. gr.
Í stað »samkv. 5. gr.« komi:
samkv. 6. gr.
12. Við 11. gr.
Fyrir »landssjóð« í síðari málsgrein komi:
ríkissjóð.
13. Við 14. gr.
a. Í stað »eftir 5. og 6. gr.« komi:
eftir 5., 6. og 7. gr.
b. »7.« í síðari málslið falli burt.

Alþingi, 23. mars 1921.

M. J. Kristjánsson,
formaður.

Jón A. Jónsson,
fundaskrifari, frsm.

Þórarinn Jónsson.

Sveinn Ólafsson.

Jakob Möller.

Hákon J. Kristófersson.